

Fjölskylduráð Garðabæjar - 4 (31.5.2017) - Fjölsmiðjan - Endurnýjun þjónustusamnings

Málsnúmer : 1705227
Málsaðili : Samtök sveitarfél höfuðborgarsv
Niðurstaða (stutt) :
Fundardagur : 31.05.2017

Inngangur :

Niðurstaða : Tekið er fyrir mál nr. 1705227 - erindi frá bæjarráði Garðabæjar þar sem farið er fram á umfjöllun fjölskylduráðs um tillögu SSH að endurnýjuðum þjónustusamningi aðildarsveitarfélaga SSH við Fjölsmiðjuna til þriggja ára. Núverandi samningur við Fjölsmiðjuna frá 2014 hefur verið framlengdur í þriggja ára gildi í lok mars. Fyrirliggjandi drög að endurnýjuðum þjónustusamningi eru efnislega óbreytt frá fyrri samningi að öðru leyti en því að lagt er til að árlegur þjónustustyrkur sveitarfélaganna skv. 5. gr. samningsins verði uppfærður til samræmis við verðlagsþróun og fylgi á samningstímanum verðlagsbreytingum í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Garðabær hefur eins og önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu komið að rekstri Fjölsmiðjunnar og nýtt þau úrræði sem Fjölsmiðjan býður upp á fyrir ungmenni úr sveitarfélaginu. Úrræði Fjölsmiðjunnar er mikilvægt í þjónustu við þau ungmenni sem hafa flosnað upp úr námi og/eða ekki náð fótfestu á vinnumarkaði. Stjórn Fjölsmiðjunnar, starfsmenn hennar og samstarfsaðilar vinna nú stefnumótunarvinnu og aðgerðaráætlun sem gert er ráð fyrir að ljúki á þessu ári en eftir það þarf að vinna úr niðurstöðum og þeim breytingum sem mögulega þarf að fara í. Fjölskylduráð Garðabæjar mælir með því við bæjarráð að gerður verði þjónustusamningur við Fjölsmiðjuna til þriggja ára á grundvelli fyrirliggjandi draga að endurnýjuðum þjónustusamningi.